



## **105. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni**

Haldinn í stofu íslenskra fræða miðvikudaginn 22. nóvember 2023 kl.

12:45

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Bragi Bjarnason, Hekla Dís Sigurðardóttir fulltrúi nemenda, Vera Sólveig Ólafsdóttir fulltrúi kennarar, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Ágúst Friðriksson fulltrúi foreldra, Jóhannes Sveinbjörnsson og Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð. Eydís Indriðadóttir og Daði Geir Samúelsson voru á Teams. Sérstakur fundargestur: Ragnheiður Bjarnadóttir, gjaldkeri Mötuneytis ML.

Dagskrá:

1. Ársreikningur mötuneytis ML
2. Sameiningar framhaldsskóla – umræður
3. Skólastarf í ML
4. Önnur mál

Gunnar setur fundinn.

### **1. Ársreikningur MML**

Ragnheiður Bjarnadóttir gjaldkeri mötuneytis ML fer yfir ársreikning mötuneytis. Umræða um sundurliðun, hversu mikið verktakar sækja mötuneytið. Ragnheiður ætlar að senda sundurliðun þess efnis á nefndarmenn. Tillaga um hækkun á gjaldi mötuneytis og þvottahúss um 2% er samþykkt. Ársreikningur sendur til skipaðra fulltrúa til rafrænnar undirritunar. Ragnheiður yfirgefur fundinn.

### **2. Sameiningar framhaldsskóla - umræða**

Umræða milli nefndamanna.

### **3. Skólastarf í ML**

Umræða um námslínur í ML. Brautirnar halda sér en innan þeirra væri hægt að velja línur, t.d. heilsulína, lögreglulína, lista- og menningarlína. Gætir verið góð leið til að kynna skólann og valáfanga. Jóna Katrín sýnir frétt af heimasíðu ML af ferð kórsins í MH þar sem kórar



beggja skóla sungu saman.

Sálfræðingur er við störf hjá ML, Elfar Þór Bragason, og er hér annan hvern þriðjudag. Samstarfið við hann gengur vel og nemendur virðast ánægðir með þjónustuna enda er hún vel nýtt. Skólinn greiðir fyrstu tvo tíma hjá sálfræðingi á hverju skólaári fyrir þá nemendur sem nýta sér þjónustu hans. Jóna Katrín er í samtali við Hsu um að fá skólahjúkrunarfræðing til að þjónusta nemendur skólans. Fé hefur verið eyrnamerkt til verkefnisins hjá heilbrigðisstofnunum og enn er beðið eftir formlegum svörum frá HSu. Fyrsti og annar bekkur er að keyra á uppfærðri útgáfu námskrár í þriggja ára skipulagi en þriðji bekkur á upprunalegri útgáfu hennar. Sagan sýndi að annað árið var heldur þungt þakkað en í nýrri útgáfu námskrárinnar gengur betur að dreifa úr álagi.

#### **4. Önnur mál**

Hekla Dís nefnir að kórmeðlimir fái ekki nægar af einingum fyrir kór og leggur til hvort mögulega mætti endurskoða það. Áslaug nefnir að kóráfanginn sé skilgreindur sem val og að nemendur velji þetta út frá áhuga sínum. Stjórnendur vita að það eru fleiri tímar en einingar eru og var Heklu þakkað fyrir góða athugasemd.

Bragi spyr um framkvæmdir á næstunni.

Stór framkvæmd er í Bala, í kjallaranum fannst mygla og öllu var mokað út. Í desember á þessu ári fer vonandi í gang vinna við að skipta út lýsingu í raungreina álmu og hún uppfærð í LED. Framkvæmdir halda áfram á Nös en fjögur herbergi voru tekin þar í gegn síðasta sumar. Í janúar bætast þá við nokkur herbergi til viðbótar og ættu framkvæmdir við þessa álmu heimavistarinnar, hús fjögur, að klárast í sumar.

Jóna Katrín býður nefndarmönnum í vettvangsferð á neðstu hæð skólans til að skoða nýja kennslustofu sem er staðsett í gömlu brytaíbúð. Um er að ræða verkgreinarými sem nýtt verður til myndlistarkennslu, hljóðupptöku og ýmissa fleiri verka.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.